

Byggðamálaráð

Fundargerð 7. fundar byggðamálaráðs

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 6. febrúar 2020 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Starfsáætlun byggðamálaráðs 2020.
2. Endurskoðun byggðaáætlunar.
3. Mælikvarðar byggðaáætlunar.
4. Starfsáætlun Byggðastofnunar 2020.
5. Samþætting við aðrar stefnur og áætlanir, sbr. III. kafli byggðaáætlunar.
6. Þingsályktunartillaga um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.
7. Önnur mál.
 - a. *Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.*

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Ingveldur Ása Konráðsdóttir (í síma frá Vesturhópi), Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Hanna Dóra Hólm Másdóttir.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Starfsáætlun byggðamálaráðs 2020.

Starfsáætlun byggðamálaráðs fyrir árið 2020 var send ráðherra í janúar. Rætt var um helstu verkefni framundan, sem einkennast munu af undirbúningi að endurskoðun byggðaáætlunar.

2. Endurskoðun byggðaáætlunar.

Samkvæmt lögum nr. 53/2018 um breytingu á ýmsum lögum til samræmingar á áætlunum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórna- og byggðamála leggur ráðherra á a.m.k. þriggja ára fresti fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun til fimmtán ára og aðgerðaráætlun til fimm ára. Það þýðir að endurskoðuð byggðaáætlun skal lögð fyrir Alþingi 2021.

Rætt var um verklag við endurskoðun byggðaáætlunar en skv. fyrrgreindum lögum gerir byggðamálaráð tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðaáætlun og fimm ára aðgerðaráætlun að fengnum áherslum ráðherra. Verkefnisstjóra falið að vinna drög að verkefnaáætlun.

3. Mælikvarðar byggðaáætlunar.

Í byggðaáætlun eru tilgreindir sex mælikvarðar, tveir fyrir hvert markmið. Mælikvarðarnir eru: a) hlutfall lögheimila/fyrirtækja í dreifbýli með aðgang að ljósleiðaratengingu, b) hlutfall þeirra sem búa innan við 30 km frá heilsugæslustöð, grunnskóla og dagvöruverslun, c) atvinnuþátttaka og meðalatvinnutekjur á atvinnugreinasvæðum, d) fjöldi starfa í ráðuneytum og stofnunum skilgreindur „án staðsetningar“, e) framfærsluhlutfall eftir landshlutum og f) lýðfræðilegir veikleikar.

Farið var yfir stöðu mælikvarðanna og rætt hvort þeir gæfu nægilega góða vitneskju um árangur. Fyrir liggur að mælikvarðarnir verða endurskoðaðir samhliða endurskoðun byggðaáætlunar.

4. Starfsáætlun Byggðastofnunar 2020.

Fundarmenn höfðu fengið senda starfsáætlun Byggðastofnunar fyrir árið 2020. Aðalsteinn fór yfir helstu þættina og voru þeir ræddir.

Byggðamálaráð

5. Samþætting við aðrar stefnur og áætlanir, sbr. III. kafli byggðaáætlunar.

Þriðji kafli byggðaáætlunar fjallar um samþættingu við aðrar stefnur og áætlanir. Þar segir:

„Alþingi ályktar að náið samráð milli ráðuneyta, stofnana ríkisins, sveitarfélaga, atvinnulífs og borgarsamfélags sé mikilvægt við framkvæmd byggðastefnu. Með því móti verði tryggð samhæfing við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Meðal aðgerða sem horft verði til í því sambandi eru eftirfarandi:

- a. Regluleg umræða fari fram á vettvangi ríkisstjórnarinnar um stöðu og framkvæmd byggðaáætlunar og tækifæri til samþættingar.
 - b. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál verði eflur.
 - c. Tryggð verði fagleg aðkoma Byggðastofnunar að framkvæmd og eftirfylgni byggðaáætlunar.
 - d. Þjónustukort sýni aðgengi landsmanna að opinberri þjónustu og útbúið verði mælaborð sem varpi ljósi á stöðu og framvindu byggðamála.
 - e. Samráð við Samband íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtök sveitarfélaga sé virkt.
 - f. Tryggð verði regluleg skýrslugjöf til Alþingis.
 - g. Fram fari kerfisbundin miðlun upplýsinga, rannsóknir, fræðsla og alþjóðlegur samanburður.
- Við framkvæmd laga um opinber fjármál verði fjallað sérstaklega um byggðasjónarmið í tengslum við mótun og framlagningu fjármálaáætlunar og fjárlaga hvers árs.“

Farið var yfir framangreindar aðgerðir sem almennt hafa gengið nokkuð vel eftir. Sérstaklega var rætt um þjónustukortið og mælaborð sem ætlað er að varpa ljósi á stöðu og framvindu byggðamála. Ákveðið var að bjóða fulltrúum byggðamálaráðs á kynningarfund síðar í febrúar sem fulltrúar Byggðastofnunar munu kynna framgang þjónustukortsins fyrir ráðuneytinu.

6. Þingsályktunartillaga um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga.

Alþingi samþykkti þingsályktunartillögu um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga í janúar og hefur þar með samþykkt sína fyrstu stefnu í málaflokknum. Hermann fór stuttlega yfir hvað felst í þingsályktuninni og var hún rædd.

7. Önnur mál.

a) Húsnæðis- og mannvirkjastofnun.

Karl greindi frá því að hann hefði verið skipaður í stjórn Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar sem tók til starfa um áramótin við sameiningu Íbúðalánasjóðs og Mannvirkjastofnunar. Fram kom áhugi á að fá kynningu á starfsemi stofnunarinnar, sérstaklega m.t.t. þjónustu stofnunarinnar á landsbyggðinni, s.s. vegna sérstakra „landsbyggðarlána“ til svæða þar sem er markaðsbrestur, tilraunverkefna á landsbyggðinni í húsnæðismálum og vegna leigufélagsins Bríetar sem á að þjóna landsbyggðinni. Verkefnisstjóra var falið að koma á fundi með forstjóra stofnunarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.05.